




Tungumálastefna og starfshættir fjölbreyttra fjölskyldna innflytjenda á Íslandi og áhrif þeirra á menntun

Rannsóknarverkefni (2022-2024) styrkt af Rannsóknasjóði

Skýrsla um meginniðurstöður





Tungumálastefna og starfshættir fjölbreyttra fjölskyldna innflytjenda á Íslandi og áhrif þeirra á menntun.

Rannsóknarverkefni (2022-2024) styrkt af Rannsóknasjóði. Skýrsla um meginniðurstöður.

Höfundar: Hanna Ragnarsdóttir, Kristín Jónsdóttir, Artëm Ingmar Benediktsson, Anh-Dao Tran, Renata Emilsson Peskova, Samúel Lefever, Anna Katrín Eiríksdóttir og Kriselle Lou Suson Jónsdóttir

Ritstjóri: Kristín Jónsdóttir

Umbrot: Íris Sigurðardóttir

Menntavísindastofnun, Háskóli Íslands

14. nóvember 2025

Mynd: Pexels: Jonas Mohamadi

DOI: 10.33112/HSZG7265

EFNISYFIRLIT

Um verkefnið	2
Rannsóknarhópur og höfundar skýrslu	3
Þátttakendur í verkefninu	3
Helstu niðurstöður	3
Foreldrar	4
Samstarf foreldra og kennara	5
Börnin.....	6
Kennarar.....	7
Skólastjórnendur	8
Tillögur um umbætur	9
Vefur verkefnisins	10
Þakkir	10
Heimildir.....	10

UM VERKEFNIÐ

Markmið rannsóknarverkefnisins Tungumálastefna og starfshættir fjölbreyttra fjölskyldna innflytjenda á Íslandi og áhrif þeirra á menntun (LPP) var að rannsaka með gagnrýnum hætti hvernig fjölskyldur af erlendum uppruna hafa viðhaldið móðurmálum sínum, lært íslensku og mótað sínar eigin tungumálastefnur. Verkefnið beindi athygli að því hvernig tungumálastefna hefur áhrif á menntun barnanna og margvísleg tengsl þessara fjölskyldna, móðurmálssamfélaga þeirra, skólastjóra og kennara barnanna.

Oftast er litið svo á móðurmál sé fyrsta tungumál barns, sem foreldrar þess tala og þar sem hæfni barnsins er mest. Þetta er þó ekki alltaf raunin hjá fjöltyngdum börnum, því þau geta haft tvö eða fleiri tungumál að móðurmáli. „Fjöltyngd börn og ungmennti í skóla- og frístundastarfi eru sem hópur skilgreind á mismunandi vegu út frá uppruna sínum, þjóðerni foreldra eða færni í íslensku. Til eru hugtökin „börn af erlendum uppruna“, „nemendur með erlendan bakgrunn“ og „nemendur með íslensku sem annað (tungu)mál““ (Leiðarvísir um stuðning við móðurmál og virkt fjöltyngi í skóla og frístundastarfi, 2020). Sameiginlegur skilningur og skilgreiningar hugtakanna erlend móðurmál (e. heritage language) og fjöltyngi byggja á fyrri rannsóknum rannsóknarhópsins (sjá Benediktsson et al., 2025; Emilsson Peskova, 2021: bls. 10). Til að mynda er móðurmál skilgreint í fyrstu útgefðu tímaritsgreininni sem byggir á þessu rannsóknarverkefni sem heimamál barna sem þau læra frá foreldrum sínum (Benediktsson et al. 2025, bls. 7).

Fræðilegur rammi verkefnisins er í fjöltyngisfræðum, m.a. kenningum um tungumálastefnu fjölskyldna. Spolsky (2004, 2022) hefur fjallað um þrjá þætti í tungumálastefnu fjölskyldna. Þeir eru: 1) hugmyndafræði - hugmyndir fjölskyldna um tungumál; 2) notkun tungumála í fjölskyldum og 3) stjórnun tungumála - hvernig fjölskyldumeðlimir reyna að hafa áhrif á tungumálanotkun með íhlutun, skipulagi og stjórnun. Hugmyndir Spolsky's hafa verið þróaðar áfram af Curdt-Christiansen (2013) sem heldur því fram að tungumálastefna fjölskyldna sé einnig undir áhrifum frá félagslegu, efnahagslegu og pólitísku umhverfi í hverju samfélagi. Enn fremur nefnir Curdt-Christiansen að athygli hafi í auknum mæli beinst að því hvers vegna ólík tungumál hafa mismunandi gildi, hvernig foreldrar líti á tvítyngi eða fjöltyngi frá mismunandi sjónarhornum og hvers konar umhverfi fjölskyldna, menningar- og félagslegur auður styðji við tvítyngi eða fjöltyngi. Fjölskyldur upplifa mismunandi áskoranir við að ala upp tví- eða fjöltyngd börn (Schwartz, 2024). Nefna má m.a. tímaþröng og þrýstingur frá ólíkum tungumálum, ásamt neikvæðum áhrifum samfélagslegra ferla svo sem tungumálastefnu ríkja geti haft neikvæð áhrif á tungumálastefnu fjölskyldna (Schwartz og Vershik, 2013). Þrátt fyrir þessar áskoranir gengur sumum foreldrum vel að viðhalda og efla móðurmál sín og nota þau með börnum sínum. Fjölskyldur eru í lykilaðstöðu við að viðhalda tungumálum og þróa þau áfram.

LPP rannsóknarverkefnið er fyrsta viðtæka íslenska rannsóknin á tungumálastefnu og starfsháttum fjölbreyttra fjölskyldna innflytjenda. Gildi þessa er að veita innsýn í hvernig tungumálastefnur er í raun á heimilum og áhrif þeirra á menntastefnu og tungumálauppeldi barnanna. Þessi kortlagning á tví- og fjöltyngi fjölskyldna á Íslandi og þróun læsis barna þeirra veitir mikilvægar upplýsingar fyrir skóla um hvernig er best að vinna með fjölskyldum að virku tví- og fjöltyngi, auk þess að veita foreldrum upplýsingar um skilvirka tungumálastefnu og starfshætti kennara og skóla.

Rannsóknarhópur og höfundar skýrslu

Hanna Ragnarsdóttir prófessor, verkefnisstjóri, hannar@hi.is, Kristín Jónsdóttir, dósent kjons@hi.is, Artëm Ingmar Benediktsson, umsjónarkennari, artembe@gardaskoli.is, Anh-Dao Tran, rannsakandi, adt@hi.is, Renata Emilsson Peskova, dósent, renata@hi.is, Samúel Lefever, emeritus, samuel@hi.is, Anna Katrín Eiríksdóttir, doktorsnemi, ake@hi.is, Kriselle Lou Suson Jónsdóttir doktorsnemi, kls5@hi.is.

Þátttakendur í verkefninu

Þátttakendur í LPP rannsóknarverkefninu eru 16 fjölskyldur innflytjenda sem tala fjölbreytt tungumál, hafa mismunandi menntun og félags- og efnahagslegan bakgrunn og börn þeirra eru á öllum skólastigum. Skólastjórar og kennarar barnanna í leik- og grunnskólum tóku líka þátt. Fjölskyldurnar voru búsettar á fjórum mismunandi stöðum á Íslandi og tilheyrðu ólíkum tungumálahópum sem ýmist eru fjölmennir eða fámennir hérlandis.

HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Gott og ríkulegt samstarf milli foreldra og kennara innflytjendabarna er lykilatriði fyrir námsárangur og vellíðan barnanna í skóla, samkvæmt niðurstöðum rannsóknarinnar.

Foreldrar treysta mikið á umsjónarkennara barna sinna en vita lítið um það hvernig þeir geti stutt við nám barnanna og skólagöngu. Kennarar hafa yfirleitt áhuga á að styðja við fjöltyngi nemenda sinna en þekkja oft lítið til tungumála sem töluð eru á heimilunum. Sumir kennarar leggja mikið á sig til að tengjast börnunum, kenna þeim íslensku og leggja rækt við móðurmál þeirra og þeir eru mikilvægar fyrirmyndir. Íslenskan er tungumál náms og kennslu að sögn skólastjórnenda og kennara en stundum skapast togstreita ekki síst þar sem börn og fullorðnir vilja fljótt grípa til enskunnar.

Fjölskyldurnar sem tóku þátt í rannsókninni mátu mikils að börnin lærðu og kynnu fleiri tungumál en eitt og foreldrar nýttu sér ýmsar bjargar og aðferðir til að styðja við málþroska barnanna og fjöltyngi. Börnin hafa áhrif á tungumálanotkun í fjölskyldum sínum frá unga aldri. Börnin velja sjálf hvaða tungumál þau nota hverju sinni, heima, í skóla og með félögum sínum, og tungumálasjálfsmyndir þeirra eru margþættar.

Helstu niðurstöður rannsóknarinnar eru tíundaðar hér í köflunum á eftir og vísa kaflaheitin til þeirra sem kastljósið beindist að. Í lokakafla skýrslunnar fylgja svo tillögur okkar um umbætur.

Foreldrar

Þrátt fyrir mismunandi dvalartíma á Íslandi voru allir foreldrar sammála um að vilja ala börn sín upp á Íslandi þar sem þeir upplifðu samfélagið sem öruggt, hlýlegt og barnvænt, og að það stuðlaði að góðu jafnvægi milli vinnu og fjölskyldulífs. Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla (kafla 19.4) og leikskóla (kafla 14) gegna foreldrar lykilhlutverki í máluppeldi barna sinna, þar sem þeir bera ábyrgð á því að styðja við íslenskunám samhliða því að rækta og viðhalda eigin móðurmáli til að stuðla að virkri fjöltyngi.

Foreldrar nálguðust hlutverk sitt í fjöltyngdu máluppeldi barna sinna á mismunandi hátt sem byggt er á eigin menningu þeirra, fjölskyldutengslum og fyrri reynslu í tungumálum og skólagöngu. Foreldrarnir aðlöguðu aðferðir sínar í máluppeldi barna sinna að aðstæðum en höfðu einnig skýra framtíðarsýn fyrir börnin. Þeir mótuðu fjölbreyttar tungumálastefnur innan fjölskyldu og viðurkenndu að þeir stæðu frammi fyrir flóknum áskorunum við að varðveita hið erlenda móðurmál samhliða íslensku og vaxandi enskunotkun í daglegu lífi barna sinna.

Foreldrar vildu viðhalda erlendum móðurmálum og miðla þeim til barna sinna til að styrkja fjölskyldutengsl og menningararf, auk þess sem sumir sáu framtíðarmöguleika fyrir börn sín erlendis. Foreldrar frá fjöltyngdum löndum kusu oft frekar ríkjandi tungumál en minnihlutatungumál frá upprunalandi, þar sem færni þeirra í því var meiri og aðgengi betra en ella. Aðferðir foreldra spönnuðu frá markvissum reglum um notkun erlends móðurmáls á heimilinu til sveigjanlegrar og barnmiðaðrar nálgunar. Kennsla í erlendum móðurmálum var sjaldgæf og náði aðeins til ákveðinna svæða og tungumála. Ábyrgðin hvíldi því að mestu á foreldrunum.

Allir foreldrar töldu íslensku nauðsynlega og settu hana í forgrunn fyrir menntun, félagslega þátttöku og framtíð barnanna á Íslandi. Margir viðurkenndu að íslenska væri jafnvel fyrsta tungumálið barnanna og hún væri nú þegar eða myndi vera sterkasta mál þeirra. Margir foreldrar forðuðust að nota íslensku heima vegna óöryggis og ótta við að rugla börnin, en treystu aðallega á stuðning skóla og samfélagið fyrir íslenskt málumhverfi. Sumir foreldrar tóku virkan þátt í íslenskunámi

barna sinna með því að læra málið sjálfir og skapa mál- og læsisumhverfi heima þar sem íslenska var einnig eitt af tungumálum fjölskyldunnar samhliða erlendum móðurmálum.

Enska var talin gagnleg í daglegu lífi og framtíð barnanna. Foreldrar sögðu að börnin tileinkuðu sér ensku í gegnum stafrænan heim og samskipti við jafnaldra. Nýkomnir foreldrar lýstu því að börnin vildu frekar nota ensku sem seinkaði íslenskunámi þeirra. Foreldrarnir kusu að styðja börnin án þrýstings með von um að áhugi á íslensku myndi aukast með tímanum.

Þó flestir foreldrar væru jákvæðir gagnvart fjöltyngdu máluppeldi barnanna viðurkenndu þeir áskorunina, sérstaklega ef þeir höfðu sjálfir aðeins lært eitt tungumál í sínu máluppeldi eða höfðu takmarkaða íslenskukunnáttu. Foreldrar stóðu frammi fyrir auknum áskorunum í fjöltyngdu máluppeldi vegna vaxandi námskrafna, aukinna áhrifa jafningja og útbreiddrar enskunotkunar í daglegu lífi nýrrar kynslóðar. Þeir leituðu leiðsagnar frá kennurum og sérfræðingum varðandi máluppeldi barna sinna, málþroska þeirra í íslensku og hvernig þeir gætu best stutt við námið.

Samstarf foreldra og kennara

Samstarf heimila og skóla er mikilvægt að mati bæði kennara og foreldra. Gott samstarf getur auðveldað frekari samvinnu og lausn flóknari mála og það getur verið mikils virði fyrir alla hlutaðeigandi, nemendur, foreldra og kennara. Í gögnum rannsóknarinnar kemur fram að kennarar átta sig oft ekki á væntingum foreldra til þeirra og því trausti sem fjöltyngdir foreldrar bera til kennara barna sinna. Til dæmis gera margir kennarar ráð fyrir að foreldrar fylgist sjálfir með námsmati og framvindu í gegnum námsumsjónarkerfi skólans, það getur reynst foreldrum flókið. Foreldrar eiga erfitt með að finna ýmsar útskýringar, bæði á innihaldi og merkingu, hæfniviðmið og annað námsmat er á snúnu máli og einnig vantar upp á að þýðingar séu nægilega góðar. Foreldrar treysta því á persónuleg tengsl við kennara barnsins síns og upplýsingar frá þeim. Traust sem hefur brostið einhverra hluta vegna virðist erfitt að byggja upp og það getur tekið langan tíma. Flestir kennaranna segjast leggja sig fram um að eiga góð samskipti við alla foreldra og segjast margir vilja koma jafnt fram við alla, uns aðstæður eða þarfir leiða til þess að bæta þarf í og hefja nánara samstarf.

Kennararnir finna fyrir sterkum áhrifum fjölskyldunnar og stefnu hennar varðandi tungumál og mikilvægi náms á nemendur. Börn sem koma frá heimilum þar sem stuðningur er góður, áhugi og eftirfylgni varðandi tungumálin og námið almennt, eiga að mati kennaranna góða möguleika á að standa sig vel námslega og verða flestir vegir færir í framtíðinni. Börn sem ekki hafa slíkan stuðning þurfa samkvæmt þeim að sýna einstaka ákveðni, seiglu og úthald til að eiga sömu framtíðarmöguleika og önnur börn.

Foreldrar virðast ekki gera sér grein fyrir hversu mikil áhrif kennurum finnst stuðningur þeirra hafa. Kennararnir lögðu áherslu á að foreldrar viðhéldu móðurmáli barnanna en ræddu að öðru leyti lítið um fjöltyngt máluppeldi. Foreldrarnir litu gjarnan á íslensku sem fyrsta og sterkasta mál barna en kennarar töldu erlenda móðurmálið vera það. Foreldrar og kennarar töldu fjöltyngi yfirleitt jákvætt, en tengdu það stundum við námserfiðleika og slakan námsorðaforða. Sterk færni barna í íslensku og góð námsframvinda virtist draga úr þeirri tengingu og áhyggjum kennara.

Rannsóknin varpar í ljósi mikilvægi þess að skilja mismunandi hlutverk og ólík sjónarhorn foreldra og kennara í máluppeldi og námi barna. Niðurstöðurnar kalla á að betrubæta samtöl, auka samvinnu og efla samskipti milli heimila og skóla.

Börnin

Nemendurnir sem tóku þátt í rannsókninni voru öll fjöltyngd. Auk íslensku, sem er hið opinbera skólamál, töluðu þau erlend móðurmál sín og ensku. Fjöltyngi þeirra gegndi ólíkum hlutverkum eftir því í hvaða samhengi og aðstæðum tungumálin voru notuð til samskipta. Meðal erlendra móðurmála þeirra, þ.e. heimatungumála, má nefna arabísku, filippseysku, pólsku, rússnesku og úkraínsku. Í viðtölunum lýstu þau ensku gjarnan sem tungumáli sem þau nýttu til samskipta við vini sem ennþá töluðu litla íslensku, til áhorfs á myndefni, hlustunar á tónlist eða sem nauðsynlegri kunnáttu með hliðsjón af framtíðarmöguleikum, einkum ef þau hygðust starfa erlendis. Íslensku og erlent móðurmál þeirra skilgreindu þau sem tungumál er þau höfðu sterkast tilfinningalegt samband við; með þeirra orðum voru þau tungumál „í hjarta þeirra og höfði“. Fjölmörg ungmennanna voru læs á öllum þremur tungumálunum, þó að nokkur viðurkenndu að rit- og lestrarfærni í erlendu móðurmálinu væri takmörkuð.

Nemendurnir ferðuðust iðulega með fjölskyldum sínum til upprunalandanna í sumarfríum, með það fyrir augum að heimsækja ættingja og vini. Þau lýstu ánægju með þessar heimsóknir; engu að síður er ljóst að jákvæð afstaða til erlendra móðurmála leiðir ekki sjálfkrafa til þess að nemendurnir hafi áhuga á að tileinka sér eða stunda nám í þeim tungumálum. Þau gerðu sér grein fyrir að enska hefði mikið notagildi, bæði í íslensku samfélagi og alþjóðlegu samhengi. Samskipti við vini, jafnt alþjóðlega sem íslenska fóru oft fram á ensku.

Af niðurstöðunum má ráða að hagnýtar ástæður, tengdar notkun tungumála í nútíð og framtíð, væru sterkari forspárþættir fyrir námi í tungumálum en tilfinningaleg tengsl við móðurmál. Þróun íslenskukunnáttu þeirra byggðist að mestu á skólanámi og notkun tungumálsins í skólasamfélaginu. Samhliða beittu þau málstefnu sinni á þann hátt, meðvitað eða ómeðvitað, að í sumum tilvikum var íslenskunotkun takmörkuð, sem hafði áhrif á framfarir þeirra í tungumálinu.

Rannsóknin sýndi jafnframt að nemendurnir mótuðu og tjáðu fjöltyngda sjálfsmynd sína með því hvernig þau beittu tungumálum sínum. Þau virtust almennt

virða hefðir og reglur um hvaða tungumál ætti að nota í tilteknum rýmum, en þegar val gafst sóttu þau gjarnan í að sýna sig sem örugga, fróða og vinsæla málnotendur innan vinahópa sinna. Til þess nýttu þau stundum ensku.

Í hnotskurn leiddi rannsóknin í ljós að nemendurnir beittu öllum tungumálum sem þau höfðu aðgang að í tungumálaforða sínum: íslensku, erlendum móðurmálum og ensku. Heima nota þau fyrst og fremst móðurmálin sín, en í skóla var íslenska ríkjandi í formlegum aðstæðum. Í óformlegri samskiptum, til dæmis í frímínútum og í vinahópum, opnaðist svigrúm fyrir val á tungumáli. Einnig komu fram áform hjá sumum þátttakendum um að læra fleiri tungumál, svo sem japönsku, spænsku, frönsku og dönsku.

Að lokum má draga þá ályktun að niðurstöður rannsóknarinnar kalli eftir varfærni þegar settar eru fram einsmálsstefnur í formlegu eða óformlegu samhengi. Mikilvægt er að viðurkenna fjöltyngda sjálfsmynd nemenda og skapa þeim aðstæður þar sem málnotkun þeirra og virk málstefna getur orðið hluti af reglulegum samskiptum og námi.

Kennarar

Niðurstöður sem varða starfshætti kennara teikna upp tvíþætta mynd. Annars vegar samræmast flest viðhorf kennara áherslum aðalnámskrár og lagaumgjörð um inngildingu, jafnrétti og sjálfbærni. Hins vegar telja kennarar að skortur á skýrum tungumálastefnum, verklagsreglum og hagnýtum leiðbeiningum dragi úr möguleikum þeirra til að veita viðeigandi stuðning við málþróun fjöltyngdra barna.

Enn fremur lýstu kennarar því að félagsleg þátttaka fjöltyngdra nemenda ráðist að verulegu leyti af færni þeirra í íslensku. Sumir þeirra töldu óæskilegt að nemendur notuðu ensku í samskiptum sín í milli enda væri það í samræmi við að íslenska væri tungumál náms og skóla. Það kom fram í viðtölum að kennarar forgangsraða hæfni í íslensku, en telji að ábyrgðin á þróun móðurmáls liggi að mestu leyti hjá foreldrum. Slík forgangsöröðun stangast á við markmið fjölmennningarlegrar menntunar og menningarmiðaðra kennsluhátta sem leggja áherslu á heildrænan tungumálaþroska nemenda. Með því að byggja á allri mál- og menningarlegri færni nemenda geta kennarar stuðlað að valdeflingu í skólum og styrkt tilfinningu nemenda fyrir að tilheyra skólasamfélaginu. Kerfisbundin samþætting tungumálaauðlinda nemenda inn í námsumhverfi þeirra getur aukið inngildingu nemenda, eftir nám þeirra, virkni og félagslega þátttöku og verið valdeflandi reynsla fyrir bæði nemendur og kennara.

Varðandi beitingu fjölmennningarlegrar menntunar og menningarmiðaðra kennsluhátta í daglegu starfi kom í ljós að innleiðing móðurmála nemenda er oft takmörkuð og ókerfisbundin, til dæmis með því að skreyta skólastofur með orðum á mismunandi tungumálum, fremur en með kerfisbundinni málrækt í daglegri kennslu. Kennsluhættir í íslensku sem öðru máli, sem kennarar lýstu í viðtölum, voru hins

vegar fjölbreyttir, meðal annars gagnvirk tjáskiptaverkefni, notkun smáforrita og samlestraræfingar.

Skólastjórnendur

Rannsóknin varpar ljósi á mat skólastjórnenda á námi og kennslu fjöltyngdra nemenda og tengsl við fjölskyldur þeirra. Sjónarmið þeirra um hindranir í vegi skólaþróunar í átt til menningarnæmra kennsluhátta komu einnig skýrt fram. Þónokkur munur virðist vera á tungumálastefnu skóla og sveitarfélaga.

Stjórnendur lýstu því að skólar veiti takmarkaðan stuðning við fjöltyngda nemendur, jafnvel þá sem hafa pólsku að móðurmáli en um þriðjungur fjöltyngdra nemenda er af pólskum uppruna. Skortur er á námsefni og kennsluaðferðir eru víða fábreyttar. Sumir skólar leggja einhliða áherslu á að íslenska sé lykill að framtíð nemenda, á kostnað móðurmáls þeirra. Stjórnendur lýsa einnig áhyggjum af því að enskan sé að verða ráðandi hjá unglingum af íslenskum jafnt sem erlendum uppruna. Samskipti heimila og skóla eru víða einhliða upplýsingagjöf frekar en raunverulegt samstarf, nema þegar alvarlegur vandi steðjar að. Einnig virðist skorta nokkuð á viðleitni til að mæta þörfum fjölskyldna sem eiga erfitt með að skilja íslenskt skólakerfi og menningu. Góð dæmi komu fram um dýrmæt tengsl kennara við fjöltyngda nemendur og hvernig framtak einstakra kennara geti skipt sköpum á skólagöngu barnanna.

Skólastjórnendur nefndu hindranir í þróun í átt til menningarnæmra kennsluhátta. Fáir hafi sérþekkingu á þeim í hópi kennara, starfsfólk skorti og veikindaleyfi setji strik í reikninginn. Þeir lýsa einnig tímaskorti og fjárskorti sem hamli þróuninni. Þó ríkir bjartsýni varðandi yngstu nemendur grunnskóla þar sem oft takist vel til með skipulagningu kennslu þeirra. Stjórnendur á landsbyggðinni kalla eftir skýrari og markvissari leiðbeiningum til að innleiða menntastefnu stjórnvalda. Þeir upplifa að í Reykjavík sé mun betra aðgengi að upplýsingum og kennsluefni, en binda vonir við nýja stofnun, Miðstöð menntunar og skólaþjónustu (MMS), sem á að styðja öll sveitarfélög jafnt.

Skólastjórnendur vilja axla ábyrgð gagnvart fjöltyngdum nemendum og kalla eftir viðurkenningu á breyttum veruleika í skólum sem og á þörf fyrir aukna leiðsögn og fjármagn. Í mínum verkahring er einungis að eiga gott samstarf um lítinn einstakling sem á bara allt gott skilið, sagði einn stjórnendanna. Þessi orð endurspeгла vel metnað og umhyggju sem fram kom í viðtölunum.

Tillögur um umbætur

1. Nauðsynlegt er að bjóða upp á sérhæfðan og valdeflandi stuðning sem foreldrar kalla eftir til að styðja þá í hlutverki sínu í máluppeldi og menntun barnanna á Íslandi og taka þarf mið af fjölbreyttum veruleika fjölskyldna og nærsamfélagsins.
2. Skýr stefna, innleiðing, úrræði og fjármögnun eru nauðsynleg ef gert er ráð fyrir að foreldrar sinni tvíþættu hlutverki: að leggja rækt við erlent móðurmál (t.d. námskeið, námsefni, móðurmálskennsla fyrir börn) og styðja við íslenskunám barna sinna (t.d. verkfæri, fræðsla, stafrænar lausnir og íslenskukennsla fyrir foreldra).
3. Mikilvægt er að viðurkenna fjöltyngda sjálfsmynd nemenda og skapa þeim aðstæður þar sem málnotkun þeirra og virk málstefna getur orðið hluti af reglulegum samskiptum og námi.
4. Kennarar og stjórnendur þurfa að móta sameiginlegan skilning innan skóla á því hvert hlutverk foreldra er í skólagöngu barnanna og miðla því hvers vænst er af foreldrum varðandi upplýsingar, samskipti og samstarf um námsframvindu barna.
5. Setja þarf skýrar og heildstæðar tungumálastefnur í skólum. Móðurmálshugtakið þarf að endurskoða í menntakerfinu þannig að það nái yfir fjölbreytt tungumál nemenda. Einnig þarf að endurskoða þá einsmálsstefnu sem er ríkjandi í formlegu sem óformlegu samhengi.
6. Markvissa endurmenntun kennara og stuðning við þróun kennslu sem sniðin er að fjöltyngdum nemendahópum og menningarmiðuðum kennsluháttum þarf að auka til muna.
7. Aðgengileg fjölmenningarleg kennslugögn eru efst á óskalista kennara jafnt sem stjórnenda svo áttak í útgáfu fjölbreytilegra náms- og kennslugagna myndi bæta úr brýnni þörf.
8. Rannsakendur telja brýnt að brúa bilið á milli menntastefnu um jöfn tækifæri fyrir alla með hamingju og vellíðan allra í öndvegi annars vegar og framkvæmdar í skólum hins vegar, með því að skoða kerfisbundnar, heildstæðar nálganir í kennslu fjöltyngdra nemenda sem annarra.

VEFUR VERKEFNISINS

<https://mvsrannsoknir.hi.is/rannsokn/tungumalastefna-og-starfshaettir-fjolbreyttra-fjolskyldna-innflytjenda-a-islandi-og-ahrif-theirra-a-menntun/>

ÞAKKIR

Rannsakendur vilja þakka öllum þátttakendum í þessari rannsókn fyrir að deila reynslu sinni. Enn fremur þakka þeir þátttökuskólunum fyrir þann áhuga sem þeir sýndu þessari rannsókn. Loks er Rannsóknasjóði færðar þakkir fyrir veittan stuðning.

HEIMILDIR

Benediktsson, A. I., Tran, A.-D., Emilsson Peskova, R., Ragnarsdóttir, H., & Lefever, S. (2025). Icelandic teachers' perspectives and strategies for supporting children's plurilingual development in compulsory schools. *Education Inquiry*, 1–21. <https://doi.org/10.1080/20004508.2025.2466890>

Curdt-Christiansen, X. L. (2013). Family language policy: sociopolitical reality versus linguistic continuity. *Language policy*, 12, 1-6. DOI 10.1007/s10993-012-9269-0

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2020). Leiðarvísir um stuðning við móðurmál og virkt fjöltyngi í skóla og frístundastarfi. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Emilsson Peskova, R. (2021). School experience of plurilingual children: A multiple case study from Iceland. [Doctoral dissertation]. University of Iceland. <https://opinvisindi.is/handle/20.500.11815/2648>

Schwartz, M. (2024). Ecological perspectives in early language education: Parent, teacher, peer, and child agency in interaction. Routledge.

Schwartz, M. og Verschik, A. (2013). Achieving success in family language policy: Parents, children and educators in interaction. Í M. Schwartz og A. Verschik (ritstjórar), *Successful Family Language Policy: Parents, Children and Educators in Interaction* (bls. 1-20), *Multilingual Education* 7. Springer. doi:10.1007/978-94-007-7753-8_1.

Spolsky, B. (2004). *Language policy*. Cambridge University Press.

Spolsky, B. (2022). *Rethinking language policy*. Edinburgh University Press.